

## Tillaga til þingsályktunar

um varanlegar samgöngubætur á Vestfjörðum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna hagkvæmni þess að gera jarðgöng úr botni Ísafjarðar, innst í Ísafjarðardjúpi, undir Kollafjarðarheiði. Að sunnanverðu, á Barðaströnd, yrðu þau tveggja arma og kæmu annars vegar út í Skálmardal, sem gengur inn úr Skálmarfirði, og hins vegar í Fjarðarhornsdal, innst í Kollafirði. Einnig verði könnuð hagkvæmni þess að gera jarðgöng undir Eyrarfjall, sem gengju úr Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi yfir í Ísafjarðarbotn, og að þvera Þorskafjörð, Djúpafjörð og Gufufjörð á Barðaströnd.

### Greinargerð.

Ljóst er að samgöngur á Vestfjörðum standa mjög í vegi fyrir frekari framþróun á svæðinu. Á það sérstaklega við á vörum þegar vegir eru iðulega ófærir eða illfærir um langan tíma vegna snjóþyngsla og óveðra. Flutningsmaður þessarar tillögu telur að gerð jarðganga sé í raun eina leiðin til að tryggja vetrarsamgöngur til og frá Vestfjörðum og innan svæðisins. Í tillögunni er gengið út frá því að vegur verði lagður um Arnkötuldal og tekinn í notkun, hvort sem unnið verður eftir hugmyndum tillögunnar eða nógildandi vegáætlun.

Lagt er til að borin verði saman hagkvæmni þess að bæta samgöngur innan svæðisins með framkvæmd þessarar tillögu annars vegar og með því að fylgja núverandi vegáætlun hins vegar en þar er ekki gert ráð fyrir jarðgöngum á þessum slóðum. Þá verði borin saman hagkvæmni styttingar vegalengdar og aukins öryggis á leiðunum milli Patreksfjarðar og Gilsfjarðar og Ísafjarðarbæjar og Gilsfjarðar, verði hugmyndir þessarar tillögu að veruleika, og þeirrar hagkvæmni sem næst á sömu leiðum verði nógildandi vegáætlun fylgt. Einnig verði kostir og gallar nógildandi vegáætlunar næstu 10–15 árin bornir saman við kostnað við þessa hugmynd sem kæmi á heilsársvegasambandi milli sunnan- og norðanverðra Vestfjarða og við þjóðveg eitt og suðvesturhorn landsins.

Flutningsmaður er eindregið þeirrar skoðunar að jarðgöng sem stytta vegalengdir milli staða og leysa okkur undan snjóþyngstri á erfiðum fjallvegum sé sú lausn sem stefna beri að þegar leita skal leiða sem talist geta varanlegar samgöngubætur. Þetta á auðvitað best við á snjóþyngstu fjallvegum landsins, t.d. á Vestfjörðum. Það hefur einnig sýnt sig að þverun fjarða bæði styttr vegalengdir og færir vegastæði af snjóþyngum hættusvæðum. Þverun Þorskafjarðar, Djúpafjarðar og Gufufjarðar á Barðaströnd yrði sams konar samgöngubót og þverun Gilsfjarðar og Dýrafjarðar.

Með varanlegum samgöngubótum eins og hér er lýst má reikna með að gríðarstórum áfanga megi ná í samgöngumálum. Með þessum breytingum væri ekki lengur yfir neina fjallvegi að fara, utan Kleifaheiðar og Hálfðáns, sem talist geta farartálmi að vetri til.